

Garðabær**Almar Guðmundsson bæjarstjóri****Garðatogi 7****210 Garðabæ**

Kjóavöllum í Garðabæ 8. maí 2023

Efni: reiðvegamál í upplandi Garðabæjar

Hestamannafélagið Sprettur, stjórn og reiðveganefnd félagsins; hvetja Garðabæ að sjá til þess að við breytingar á stígakerfi í upplöndum Garðabæjar komi ný reiðvegatenging, þ.e. frá reiðstíg um Vífilsstaðahlíð að reiðstígum hmf. Sörla í Gráhelluhrauni, u.þ.b. 2,3 km., verði færð inn á deiliskipulagstillögur fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum sjá meðfylgjandi kort. Bent skal á að um væri að ræða u.þ.b. 4 km styttingu á reiðleið milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar.

Hestamannafélagið Sprettur bendir á að samkvæmt fyrirhuguðum breytingum á stígakerfi í upplandi Garðabæjar er verið að afleggja u.þ.b. 6,5 km af reiðstígum, eða taka þá til annarra nota. Í þess stað er lagt til að komi nýr reiðstígur úr Grunnuvatnaskarði austan við Ljósakollulág í Vífilsstaðahlíð um 1,9 km að lengd.

Í boðuðum skipulagsbreytingum á stígakerfi í upplöndum er ætluð skerðing á reiðstígum sem nemur um 4,6 km. Það er rýrnun á útivistarmöguleikum hestamanna sem er með öllu óásættanleg og þeim áformum mótmælt harðlega. Bent skal á að hestamenn hafa með sjálfboðavinnu og stuðningi opinberra aðila einkum Vegagerðarinnar byggt upp þá reiðstíga sem fyrirhugað er að afleggja eða taka til annarra nota í skipulagstillögunum.

Því skal haldið til haga að um er að ræða viðbótarskerðingu á reiðvegakerfi á svæðinu, en eins og kunnugt er var áratugagömul reiðleið milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar aflögð fyrir nokkrum árum vegna byggingarframkvæmda við hið nýja Urriðaholtshverfi.

Ekkert hefur verið rætt við hestamenn um bætur vegna þeirra reiðstíga sem teknir hafa verið eða fyrirhugað er að taka til annarra nota né heldur um fjármögnun reiðstígs um Ljósakollulág í Vífilsstaðahlíð. Þess er óskað að Garðabær tilnefni fulltrúa í viðræðuhóp með það að markmiði að finna ásættanlega lausn.

Þá vill hmf. Sprettur benda á að á sama tíma og Garðabær boðar skerðingar á reiðstígakerfi í upplöndum sveitarfélagsins er verið að undirbúa mikla stækkun hesthúsahverfis á Kjóavöllum. Er þar um að ræða nær tvöföldun á hesthúsplássum í Garðabæ, sem leiðir af sér um helmingi fleiri hross á svæðinu. Hmf. Sprettur telur það illa fara saman að fækka reiðstígum við þessar aðstæður. Hmf. Sprettur telur það auðsýnt að við slíkar aðstæður þarf að fjölga reiðstígum en ekki fækka auk þess sem nauðsynlegt er að huga að uppbyggingu annarra innviða sem nauðsynlegir eru í hesthúsahverfum.

Með því að leggja þá reiðleið sem hestamenn leggja til „Seljahlíðarleið“ sem er u.þ.b. 2,3 km, væri Garðabær að bæta hestamönnum að einhverju leyti upp þá 6,5 km af reiðstígum sem teknir verða til annarra nota í fyrirhuguðum skipulagsbreytingum á stígakerfinu. Hér er einkum átt við reiðveg frá Smalaholti að Setbergslæk, eða reiðveg samhliða Elliðavatnsvegi (Flóttamannaleið) sem hefur verið aðalreiðleið (stofnleið) milli hesthúsahverfa Sörla og Sprettis (Andvara/Gusts) í áratugi.

Varðandi reiðleiðatengingu úr Vífilsstaðahlíð að Gráhellu í Hafnarfirði þá liggur fyrir að fulltrúar landeigandans Líknarsjóðs Oddfellowa, hafa í viðræðum við fulltrúa hmf. Sprettis tekið vel í legu reiðstigs á þessum slóðum. Tekið skal fram að að hmf. Sörli í Hafnarfirði er einnig fylgjandi reiðvegatengingu á þessum slóðum. Þá bendir hmf. Sprettur á að lega þessa reiðvegar sem gerð er tillaga um liggur að takmörkuðu leyti um land Setbergsjarðarinnar og veldur óverulegri ef nokkurri röskum á því landi. Hmf. Sprettur hvetur Garðabæ til að ná samningi við eigendur Setbergslands um þessa staðsetningu reiðleiðar eins og hún er sýnd á meðfylgjandi korti. Fulltrúar hmf. Sprettis lýsir sig einnig reiðubúna að koma að slíkum viðræðum.

Hmf. Sprettur bendir á að í ljósi ört vaxandi skógræktar og viðgangs annars gróðurs m.a. í upplöndum Garðabæjar hefur það sýnt sig að nauðsynlegt er að hafa vegi eða slóða sem auðvelda slökkviliði að komast að sinu- eða skógareldi. Auk þess geta reiðvegir nýst sem varnarlínur sem setja landsvæði í einskona brunahólf. Þá getur auðveldara aðgengi varðað miklu fyrir viðbragðsaðila þegar slys ber að höndum eins og því miður kemur oft fyrir í tengslum við útvist ýmis konar.


Hmf. Sprettur óskar eftir því að bæjarfélagið bregðist við erindi þessu á þann hátt að veita félaginu möguleika á að eiga aðild að vinnu við lausn þeirra mála sem að framan er lýst.

f.h. hmf. Sprettis



Pétur Örn Sverrisson, varaform. stjórnar

f.h. Reiðveganefndar Sprettis



Jón Magnússon, formaður

Fylgiskjal: Kort/uppráttur með tillögu að Seljahlíðarleið